



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Gleðilegt ár

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Gleðilegt ár
- Ný aðalnámskrá almennum hluti
- Samræmd próf í 10. bekk, undirbúningur
- Verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda
- Sameiginleg morgun-stund
- Skimun í 3. og 6. bekk
- Skipulagsdagur, heilsdagsskóli
- Foreldradagur
- Ekki stöðva á miðri gangbraut
- Samræmd próf, könnun á stöðu

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Gleðilegt ár og takk fyrir gott samstarf á liðinni tíð.

Á nýju ári þurfum við að hafa skólaheiti Áslandsskóla í heiðri, að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Sem og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Við þurfum að styrkja Áslandsskóla og efla á öllum sviðum. Vinna vel með allar dygðir, sýna hnattrænan skilning, þjónusta samfélagið með einum og öðrum hætti og síðast en ekki síst að gera alla hluti framúrskarandi vel.

Við þurfum líka að efla þá þætti sem gera Áslandsskóla sérstakan. Fylgjast með því að öllum líði vel svo þeir fái góð tækifæri til náms, sýna ábyrgð og sjálfsaga og virða eiginleika annarra. Temja okkur góða umgengni og rétta náunganum hjálparhönd þegar á þarf að halda.

Í þessum Flórgoða hugum við að samræmdum prófum í 10. bekk en nemendur þurfa nú að velja sér námsgreinar. Þá höldum við fund með forráðamönnum og nemendum þar sem farið er yfir prófin, valblað afhent og spurningum svarað sem kunna að vakna.

Flórgoðinn hefur einnig að geyma efni frá Menntamálaráðuneyti en nú stendur yfir vinna að nýrri aðalnámskrá. Almennur hluti er kominn út en námsgreinahlutar koma síðar á árinu. Vinna við skólanámskrá Áslandsskóla var einmitt sett í bið vegna útkomu þessarar námskrár og mun sú vinna því fara á fullt í haust. Reyndar eigum við mikið efni sem við munum því staðfæra, endurskoða og koma saman í heild.

**Með von um gott samstarf á árinu 2007**

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))



Allir þurfa að sýna háttvísi og stundvísi ásamt því að virða mikilvægi þess að allir fái frið til vinnu.

**SAMVINNA**

**ÁBYRGÐ**

**TILLITSSEMI**

**TRAUST**

## Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik- grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda

Til sveitarfélaga, skóla, skólaskrifstofa og ýmissa hagsmunaaðila

Síðastliðið vor var skipaður starfshópur sem í eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barnavernd Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Markmið starfshópsins var að semja leiðbeinandi verklagsreglur um tilkynningarskyldu starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Barnaverndarlög nr. 80/2002 leggja ríka skyldu bæði á almenning og sérstaklega þá sem vinna með börnum að tilkynna til barnaverndarnefnda þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu eða ofbeldi eða stefni heilsu sinni og þroska í hættu.

Starfshópurinn leitaði umsagna m.a. hjá félögum leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara, Skólastjórafélagi Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Félagi íslenskra skólafélagsráðgjafa, Félagi skólahjúkrunarfræðinga og Heimili og skóla. Menntamálaráðuneytið væntir þess að reglurnar nýtist í starfi skóla.

[http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Upplysingar-Dreifibref/tilkynningaskylda.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Dreifibref/tilkynningaskylda.pdf)

### Nýr almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla

Hinn 1. janúar 2007 tekur gildi breyting á lögum um grunnskóla nr. 66/1995 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2006. Meðal helstu breytinga eru ákvæði sem stuðla að auknu sjálfstæði skóla, meiri sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu, áherslu á einstaklingsmiðaða kennslu og samfellu í námi á milli skólastiga. Um er að ræða stefnumarkandi breytingar sem taka mið af þróun í skólasterfi á undanförunum árum.

Í kjölfar þessara lagabreytinga fór fram endurskoðun á almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla á árinu 2006. Í þeirri endurskoðun voru einungis gerðar lágmarksbreytingar enda er nú unnið að heildarendurskoðun á aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í almenna hluta aðalnámskrár grunnskóla, sem fer hér á eftir, er í fyrsta lagi gerð sú breyting á viðmiðunarstundaskrá að vikustundir nemenda eru settar fram í mínútum í samræmi við fyrrgreindar lagabreytingar. Einnig er gerð sú breyting að lágmarkskennslutími á viku í hverri námsgrein miðast við áfanga grunnskólans í stað ára. Þannig segir viðmiðunarstundaskrá til um vægi námsgreina innbyrðis og fjölda kennslustunda á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á í 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Á þennan hátt er stuðlað að auknum sveigjanleika til að auka sjálfstæði skóla við skipulag náms og kennslu og nálgast þarfir hvers og eins.

Í öðru lagi er lagður stefnumótandi grunnur að breytttri framsetningu þrepamarkmiða í endurskoðuðum greinanámskrám. Verða þrepamarkmið birt í viðauka sem dæmi um útfærslu sem skólar geta haft til viðmiðunar. Þau eru því ekki bindandi fyrir skólann. Þessi breyting á að gefa skólum aukið tækifæri til að útfæra áfangamarkmið aðalnámskrár miðað við eigin stefnu og áherslur í kennslu. Gert er ráð fyrir að skólar birti þrepamarkmið í skólanámskrá.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á orðalagi í texta aðalnámskrár í samræmi við fyrrgreind lög sem taka gildi 1. janúar 2007. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er fyrsti hluti námskrárinnar en greinahlutar hennar verða gefnir út hver af öðrum í endurskoðaðri útgáfu aðalnámskrár grunnskóla á árinu 2007. Aðalnámskrá grunnskóla er nú í fyrsta sinn eingöngu gefin út rafrænt.

## Sameiginleg morgunstund Hetjuheimar háttvísasti bekkurinn

Sameiginleg morgunstund var í Áslandsskóla í morgun.

Pegar Baldvin, Arnór, Hilmar Bjarki og Elísa úr Álfa- og Hulduheimum höfðu kveikt á kertunum fjórum hófst dagskráin með skyggnusýningu 1. bekkinga um jólaköttinn.

Benedikt Sveinsson lék síðan Maístjörnuna á saxófón áður en veittar voru viðurkenningar fyrir 1. desember ratleikinn sem haldinn er árlega í Áslandsskóla.

Þá fluttu Hnjúkaheimar leikrit sitt Ævintýraskógurinn.

Loks voru það nemendur í Dulheimum sem sýndu okkur myndina Jón Bond.

Veitt var viðurkenning fyrir háttvísasta bekk skólans fyrir síðasta tímabil og að þessu sinni var það 10. BH - Hetjuheimar sem hlaut bláa fuglinn, bikarinn og viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu.

Loks fóru nemendur með skólaheiti og sungu skólasönginn.

Fyrsta sameiginlega morgunstund ársins 2007 heppnaðist sem sagt einstaklega vel.

## Samræmd próf í 10. bekk Fundarboð — val á prófgreinum

Samræmd grunnskólapróf í 10. bekk verða í maí næstkomandi.

Eins og okkur er tamt þá viljum við að undirbúningur og próftaka takist framúrskarandi vel og boðum því til kynningarfundar þriðjudaginn 23. janúar kl. 8:10 í fyrirlestrarsal skólans. Forráðamenn og nemendur í Hetjuheimum og Goðaheimum eru hér með boðaðir á fundinn.

Þar munu skólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi og umsjónarkennarar sitja fyrir svörum og kynna helstu atriði sem hafa ber í huga varðandi próftöku, undirbúning, val á prófgreinum, skilyrði til framhaldsnáms ásamt því að fjallað verður um mismunandi áherslur nokkurra framhaldsskóla.

**Á fundinum verður skráningarblaði vegna próftöku dreift en því ber að skila útfylltu strax daginn eftir.**

**Það er mikilvægara en frá þurfi að segja að vænst er þáttöku allra forráðamanna og nemenda.**

Á baksíðu má finna upplýsingar um æfingapróf sem haldin verða 15. janúar, 17. janúar og 19. janúar fyrir nemendur í 10. bekk.

## Skipulagsdagur og foreldradagur HEILSDAGSSKÓLI

**Skipulagsdagur** er föstudaginn 26. janúar.

Þann dag mæta nemendur ekki í skólann.

**Heilsdagsskólinn** er opinn frá kl. 8:00—17:00 þennan dag. Ganga þarf frá pöntun og greiðslu á skrifstofu skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 24. janúar.

**Foreldradagur** er í Áslandsskóla föstudaginn 2. febrúar.

Þann dag mæta nemendur ásamt forráðamönnum til viðtals hjá umsjónarkennara. Aðrir kennarar skólans eru einnig til viðtals þennan dag.

**Heilsdagsskólinn** er opinn frá kl. 8:00-17:00 þennan dag. Ganga þarf frá pöntun og greiðslu á skrifstofu skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 31. janúar.

## EKKI STÖÐVA Á MIÐRI GANGBRAUT !!

**Að gefnu tilefni er rétt að áréttta geysilega þýðingarmikið öryggisatriði.**

*Forráðamenn eru beðnir um að stöðva ekki bíla sína við stæði skólabíls eða gangbraut. Slíkt er stórhættulegt.*

*Betra er að leggja einfaldlega í stæði og fylgja nemendum að skólum ef það er nauðsynlegt.*

*Einnig er einfaldlega hægt að beygja inn á næsta "stæðahluta" á bílastæði svo nemendur geti gengið yfir gangbraut að skólanum.*

## Skimun í 3. og 6. bekk TALNALKILL

Vikuna 15. – 19. janúar 2007 verður **Talnalykill**, greinandi próf í stærðfræði handa nemendum í 1.-7. bekk grunnskóla, lagt fyrir nemendur í 3. og 6. bekk.

Tilgangurinn er að finna þau börn sem eru í áhættu og bregðast við með viðeigandi meðferð en forsendur skimunar er að finna börn í áhættu áður en vandi birtist og að viðeigandi meðferð og þjálfun hafi jákvæð áhrif og dragi úr vanda síðar meir.

## Samræmd próf 10. bekkur KÖNNUN Á STÖÐU

Prófin verða frá 8:10-11:10 og frá 11:50-14:50

Mánudagur 15. janúar

8:10 íslenska 11:50 samfélagsfræði

Miðvikudagur 17. janúar

8:10 stærðfræði 11:50 danska

Föstudagur 19. janúar

8:10 náttúrufræði 11:50 enska

Tilgangurinn prófanna er að nemendur sjái hver staðan er í viðkomandi grein og æfist í því að sitja og taka próf í 3 klukkutíma.

Ekki er gert ráð fyrir að nemendur undirbúi sig neitt sérstaklega, niðurstöður eru eingöngu fyrir nemendur til þeir geti glöggvað sig á stöðu sinni í greininni.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri